

7. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, reksturs-, viðhalds- og geymslukostnaður véla, kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, lýrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum er fyrir kunna að koma, og ekki fást greidd úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum, en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í hága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, að upphæð kr. 150000.00, er sé andvirði skurðgröfu og beltisdráttarvélar TD 6.

Tekjur stofnsjóðs eru:

- a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð þegar það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.
- b. Einn fjórði hluti framlag Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps, og er það óafturkræft.
- c. Einn fjórði stofnfjárlán, er tryggt sé með ábyrgð búnaðarfélags hreppsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

10. gr.

Heimilt er stjórninni að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

12. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi. Samþykki löglegur aðalfundur þær með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæðum atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að $\frac{3}{5}$ fundarmanna á lög-mætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktirnar felldar úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps, og skal eignunum varið til almennra framfaramála í hreppnum.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

15. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.